

129

Melbae, Jón Eiríksson, verslunarmaður, Meiðastöðum, Einar E. Straumfjörð, vitavörður, Garðskaga, Sumarliði Eiríksson, bóndi, Meiðastöðum, Jóhannes Jónsson, bóndi Gauksstöðum, Ingimundur Jónsson, bóndi, Holti, Þorbergur Guðmundsson, bóndi, Jaðri, Sigurður Oddsson, lausamaður, Akurhúsum, Jón Eiríksson, bóndi, Nýjabæ, Eiríkur Þorsteinsson, kaupmaður, Gerðum, Ólafur Guðlaugsson, bóndi, Ásgarði, Gísli Eggertsson, bóndi, Kothúsum.

Stjórnendur eru Guðlaugur Eiríksson, hreppstjóri, Meiðastöðum, Þorvaldur Þorvaldsson, bóndi, Kothúsum, Gísli Sighvatsson, bóndi, Sólbakka, Þorlákur Benediktsson, kaupm., Akurhúsum og Friðrik J. Rafnar, prestur, Útskálum.

Firmað rita: Formaður undir dagleg störf, en stjórnin öll undir skuldbindingar.

Formaður ritar fjel. þannig.

Pr. h/f. „Garðbillinn“.

Guðlaugur Eiríksson.

Stjórnendur rita þannig:

Pr. h/f. „Garðbillinn“.

Guðlaugur Eiríksson. Þorvaldur Þorvaldsson. Gísli Sighvatsson.

Þorlákur Benediktsson. Friðrik J. Rafnar.

Upphæð hlutafjár er kr. 5500,00 í 50 kr. hlutum. Hlutafjáröfnun er lokið og hlutafje greitt. Hlutabréf hljóða á nafn. Sjerrjettindi eru engin nje lausnarskylda. Fjelagar hafa forkaupsrjett hlutabrejfa. Atkvæði fylgir hverjum hlut, þó má enginn fara með atkv. meira en $\frac{1}{15}$ hlutafjár. Fundarboðun með umburðarbrjefi innan fjelagssvæðis, annars með sím-skeyti eða ábyrgðarbrjefi.

Gerðum, 6. janúar 1925.

Guðlaugur Eiríksson. Þorvaldur Þorvaldsson. Þorlákur Benediktsson.

Friðrik J. Rafnar. Gísli Sighvatsson.

130

SKRÁ

yfir hlutafjelög, sem birt hafa verið í Lögbirtingablaðinu árið 1925.

1. H.f. „Tóbaksverslun Íslands“, Reykjavík.
2. H.f. „Græðir“, Flateyri, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
3. H.f. „Togarafjelag Ísfirðinga“, Ísafirði.
4. H.f. „Andvari“, Sólbakka í Önundarfirði.

5. H.f. Smjörlikisgerðin Ísafirði, Ísafirði.
6. H.f. Carl Höepfner, Blönduósi.
7. H.f. Íshúsfjelag Siglufjarðar, Siglufirði.
8. H.f. Ragnar Imsland, Seyðisfirði.
9. H.f. „Eljan“, Norðfirði í Neshreppi.
10. H.f. „Víðir“, Hafnarfirði.
11. H.f. „Garðbillinn“, Gerðum í Gerðahreppi.

130

SKRÁ

131

yfir samvinnufjelög, sem birt hafa verið í Lögbirtingablaðinu árið 1925.

1. Pöntunarfjelaðið „Patrekur“, Rauðasandshreppi.
2. Kaupfjelag Flateyjar, Flatey í Barðastrandarsýslu.
3. Sláturfjelag Skagfirðinga, Sauðárkróki.
4. Kaupfjelag Langnesinga, Þórshöfn.

AUGLÝSING

132

frá skráritara vörumerkja Reykjavíkur

um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1925.

Skrás. 1925, nr. 1.

Tilkynt 17. desbr. 1924, kl. 3 síðd., af Svenska Aktiebolaget Gasaccumulato-
 tor, verksmiðjurekstur, Stockholm í Svíþjóð, og skrásett 15. janúar 1925.

Orðið: **AGA**

Samkv. tilkynningu 15. júní 1923, er merkið skrásett í Stockholm 26.
 ágúst 1924 fyrir:

Karbid, vatnskistur, gasþvottaáhöld, gasgeyma (Gasklockor), gashreins-
 unartæki, gashreinsunarefni, gasmæla, gasstraumjafna, olíusýgla, blöðkuhana,
 edikssýring, áhöld til að láta edikssýring í hylki, tæki og tækjaumbúnað til
 súrgasgerðar og þjettingar súrgass, kolsýrusýgla, tæki og tækjaumbúnað til